



UMSÖGN

Viðtakandi: Skipulags- og samgönguráð

Sendandi: Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar

Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins - Endurskipulagning á leiðakerfi Strætó bs. (US200061).

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 4. mars sl., var eftirfarandi tillögu áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar:

Taka þarf tillit til athugasemda íbúa Grafarvogs, Grafarholts og Úlfarsárdals við endurskipulagningu á nýju leiðakerfi Strætó bs. Vonast íbúar hverfanna að gerð verði bragabót á löskuðu leiðakerfi, þá sérstaklega innan hverfanna og á milli þeirra. Ýmis þjónusta er í þessum hverfum sem íbúar vilja nýta sér án einkabílsins, því þarf leiðakerfið að vera þétt og skilvirkt. Íbúar Grafarholt og Úlfarsárdalur hafa bent á að haft verði í huga að börn í þessum hverfum sækja íþróttir, tómstundir og ýmsa skemmtun í Egilshöll, Þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts. Sama gildir um sundlaug Grafarvogs og íþróttastarfsemi Fjölnis á því svæði. Þau verða að komast á þessa staði með öruggum hætti úr öllum þremur hverfunum. Nauðsynlegar tengingar ef ný íþróttastefna borgarinnar á að virka. Sama gildir um aðra þjónustu eins og verslunarkjarna. Íbúar eiga að geta nýtt sér Strætó til að komast í þá þjónustu. Eitt gott dæmi um laskaða þjónustu Strætó í Grafarvogi. Leið 31 gengur aðeins um hluta hverfisins en ekki önnur og fer ekki í Spöngina. Því geta íbúar alls hverfisins ekki skroppið í strætó og verslað þar. Hafa ber í huga alla þessa nauðsynlegu þætti í endurskoðun leiðakerfis Strætós sem gæti klárlega dregið úr akstri einkabílsins innan hverfanna.

Faghópur um leiðakerfismál vinnur nú að heildarendurskoðun á leiðakerfi Strætó. Strætó bs. hefur umsjón með vinnu hópsins en Reykjavíkurborg á fulltrúa í hópnum. Undir lok síðasta árs skilaði faghópurinn áfangaskýrslu um nýtt leiðanet Strætó sem er aðgengileg á heimasíðu Strætó. Í skýrslunni kemur fram að næstu skref séu undirbúningur á breytingu innviða, greining á áfangaskiptingu innleiðingar á nýju leiðaneti, áhættugreining á innleiðingu á nýju leiðaneti, umfjöllun um skiptingu kostnaðar í nýju leiðaneti og greining á forgangi Strætó á leiðum sem til lengri tíma liggja utan innviða Borgarlínu.

Faghópurinn hefur haft ríkt samráð við almenning, m.a. með kynningum á opnum húsum og

ábendingagátt á heimasíðu Strætó. Frekara samráð er fyrirhugað í áframhaldandi vinnu hópsins. Þess má jafnframt geta að nú er að opna sýning fyrir almenning í Ráðhúsinu um nýtt samgöngunet Strætó og Borgarlínu þar sem sýna á hvernig Strætó og Borgarlína koma til með að virka saman.

Lagt er til að framangreindum ábendingum verði vísað til faghóps um leiðakerfismál, til frekari greiningar og úrvinnslu.

Þorsteinn R. Hermannsson
Samgöngustjóri